Þjónustukönnun Íþróttafélagsins Gróttu 2020

Niðurstöður – Júní 2020

Framkvæmd og túlkun

Þetta er þriðja árið í röð sem Íþróttafélagið Grótta gerir þjónustukönnun meðal foreldra og forráðamanna iðkenda sinna. Framkvæmd og efnistök voru þau sömu og í könnunni sem gerðar hafa verið síðustu 2 ár en þar að auki voru nokkrum spurningum bætt við um reynsluna af COVID-19 og af smáforritinu Sideline.

Ljóst er að seinni hluti vetrarins 2019-2020 var mjög sérstakur vegna COVID-19 heimsfaraldursins og samkomubanninu sem sett var á af hans völdum. Íþróttaæfingar voru bannaðar og greip Grótta til ýmissa leiða við að halda starfinu áfram, eins og með heimaæfingum og æfingamyndböndum á netinu.

Úrtak og svarhlutfall

Könnunin var gerð dagana 8. júní til 25. júní 2019, örlítið seinna en síðustu ár vegna COVID-19 en ekki þótti rétt að leggja hana fyrir meðan íþróttastarf lá nánast niðri og mjög sérstakar aðstæður voru almennt í samfélaginu.

Könnunin var framkvæmd á netinu og var send til allra foreldra/forráðamanna barna 18 ára og yngri sem iðka fimleika, handknattleik og knattspyrnu hjá Gróttu. Grótta útvegaði netföng til útsendingar. Sent var á öll skráð netföng, þannig gat sama foreldrið/forráðamaðurinn fengið könnunina senda á tvö netföng en tekið var fram að einungis væri óskað eftir því að hver svaraði einu sinni. Væru tveir foreldrar/forráðamenn skráðir fyrir hvern iðkanda voru báðir hvattir til að svara.

Alls var könnunin send á 1223 netföng. Alls bárust svör frá 289 netföngum. 35 þeirra könnuðust ekki við að þeirra barn iðkaði þá íþrótt sem sett var fram skv úrtaksskrá. 3 höfðu samband á gagnasöfnunartímabilinu og óskuðu eftir að vera teknir úr úrtakinu. Ekki var unt að telja fjölda foreldra/forráðamanna út frá úrtaksskránni og því ekki hægt að reikna svarhlutfall.

Til að gæta persónuverndarsjónamiða er þess gætt að ekki sé hægt að rekja svör til einstakra svarenda.

Efnistök

Í könnuninni voru þátttakendur beðnir að lýsa upplifun sinni af þeirri þjónustu sem þeir og börn þeirra hafa notið af hendi Gróttu með því að leggja mat á ýmsa þætti er varða íþróttaiðkun barnanna.

Sumir þættir áttu við um íþróttafélagið almennt t.d. viðmót starfsfólks, ástand mannvirkja og upplýsingagjöf, aðrar um upplifun iðkandans í ákveðinni íþrótt t.d. um þjálfunina, líðan og framfarir og fyrirkomulag æfinga. Í iðkendaspurningunum var íþróttagreinin og aldursstig barns nefnt en þær upplýsingar voru fengnar úr skráningarkerfi Gróttu (sjá glæru 4).

Þeir foreldrar/forráðamenn sem áttu fleira en eitt barn í Gróttu og/eða áttu barn sem æfir fleiri en eina íþrótt voru beðnir að svara iðkendaspurningunum fyrir hvert barn í hverri íþróttagrein.

Svör við iðkendaspurningum voru samtals 491.

Framsetning gagna

Þættir voru flestir mældir á 5 punkta ánægju eða sammála kvarða sem náði frá mjög eða frekar ósammála/óánægð(ur) til frekar eða mjög sammála/ánægður með hvorki né sem miðpunkt.

Öllum spurningum fylgdi möguleikinn „Veit ekki / Vil ekki svara“. Eins var gefinn möguleikinn „Ég þekki ekki nægilega til“ í iðkendaspurningunum og þeim sem eiga við um ákveðin mannvirki. Notkun á þessum möguleika gefur til kynna að svarendur hafi aðeins svarað þeim spurningum þar sem þeir þekktu nægjanlega vel til, til þess að taka afstöðu.

Meðaltöl spurninga eru sýnd auk dreifing svara við hverja spurningu. Á þeim myndum þar sem dreifing svara kemur fram er svarmöguleikanum „Hvorki né“ sleppt úr. Það er gert til að draga skýrar fram niðurstöðu spurningarinnar.

Gefinn er samanburður við fyrri könnun.

Svarfjöldi er gefinn upp samhliða meðaltölum og dreifingu.

Helstu niðurstöður

Heildarniðurstöður

Almennt má segja að ánægja foreldra og forráðamanna heilt yfir með starfið sem fram fer í Gróttu sé nokkuð há, eins og síðustu ár. Heildaránægja stendur nánast í stað en meðmæli og líðan barns mælist aðeins lægri nú en er samt vel yfir 4.

Þjálfun iðkenda

Í heildina eru allar 4 spurningarnar varðandi þjálfun iðkenda örlítið lægri en í fyrra en þegar rýnt er í einstakar íþróttagreinar og aldursstig kemur fram töluverður breytileiki.

Töluverðar hækkanir koma fram frá því í fyrra í eldri flokkunum í knattspyrnu og í A hópi stelpna í fimleikum og töluverðar lækkanir í knattspyrnu 4-5 ára en mesta lækkunin er í fimleikahópi stráka eldri en 5 ára.

Einhverjar ábendingar bárust í opnum svörum varðandi hvað gæti legið að baki óánægjuröddum sem vert er að skoða vel.

Opin svör má finna í meðfylgjandi Excel skjali: Þjónustukönnun Gróttu 2020_Opin svör.xlsx.

Foreldrar og forráðamenn eru meira og minna sammála því að lengd æfinga sé hæfileg, þó með þeirri undantekningu varðandi stelpur lengra komnar í fimleikum en þar finnst 20% æfingarnar vera of langar.

Ánægja með fjölda æfinga hefur aukist frá því í fyrra, 90% telja hann nú hæfilegan en var áður 87%. Sérstaklega hefur ánægjan aukist með fjölda æfinga í handknattleik 10-13 ára.

Upplýsingagjöf og aðrir þættir

Fólk virðist almennt vera hrifnara af Sportabler smáforritinu en Sideline. Notkun á Sideline er takmörkuð, einungis 27% segjast nota það, ánægja er rétt yfir meðallagi (3,18) og kalla þónokkuð margir í opnum svörum eftir því að skipt verði aftur yfir í Sportabler. Þar að auki virðist skorta upp á samræmda notkun þjálfara á forritinu og að foreldrum sé svarað kjósi þeir að hafa samskipti við þjálfarana í gegnum forritið.

Svarendur eru almennt mjög ánægðir með viðmót starfsfólks bæði í íþróttahúsi og á gervigrasvelli og enn og aftur kemur það varla fyrir að fólk gefi óánægjusvör.

Ánægja með snyrtileika á gervigrasvelli stendur í stað en mjög áberandi mikil hækkun kemur fram á mati á snyrtileika íþróttahúsanna sem væntanlega má rekja til þess að framkvæmdum er nú lokið sem höfðu staðið yfir.

Covid-19

79% svarenda voru ánægðir (frekar eða mjög) með upplýsingagjöf á meðan æfingar voru bannaðar vegna samkomubanns og margir hrósa Gróttu í opnum svörum fyrir það hvernig félagið stóð sig á þessum flóknu tímum.

Langflestum fannst magn fjarþjálfunar hæfilegt en þó eru 22% sem fannast magnið hafa verið annað hvort of lítið eða of mikið. Þónokkuð af gagnlegum ábendingum komu fram í opnum svörum um hvað gekk vel og hvað hefði mátt betur fara, eins ábendingar um upplýsingagjöfina og samræmið milli íþróttagreina.

Skilgreiningar – Tegund spurninga og flokkun iðkenda

Spurningar – Almennar um Gróttu (n = 295)

Ánægja með þjónustu Gróttu í heild sinni
Viðmót starfsfólks í íþróttahúsi gagnvart þér
Viðmót starfsfólks á gervigrasvelli gagnvart þér
Viðmót starfsfólks í íþróttahúsi gagnvart barninu/börnunum þínu(m)
Viðmót starfsfólks á gervigrasvelli gagnvart barninu/börnunum þínu(m)
Íþróttahús almennt snyrtilegt
Gervigrasvöllur almennt snyrtilegur
Upplýsingagjöf varðandi utanumhald á æfingum, viðburði og annað er varðar íþróttastarf barnsins

Sértækar spurningar 2020

Notkun á Sideline
Ánægja með Sideline forritið
Covid-19: Upplýsingagjöf á meðan æfingar voru bannaðar vegna samkomubanns
Covid-19: Magn fjarþjálfunar var hæfilegt

Spurningar – Metnar út frá iðkanda (n = 491)

Barninu mínu líður vel á æfingum
Ég myndi mæla með þjálfurum barnsins við aðra foreldra eða forráðamenn
Þjálfarar veita barninu jákvæða hvatningu
Þjálfarar barnsins þekki það, styrkleika þess og veikleika
Þjálfunin vekur áhuga barnsins á íþróttagreininni
Framfarir barnsins í íþróttagreininni eru í samræmi við væntingar mínar
Æfingagjöld fyrir þjálfun barns eru sanngjörn
Fjölda æfinga er hæfilegur
Lengd æfinga er hæfilegur

Íþróttagrein og aldursstig

Fimleikar: Stubbafimi 3-5 ára
Fimleikar: Strákar (eldri en 5 ára)
Fimleikar: Stelpur byrjendur (A hópar)
Fimleikar: Stelpur framhald (B hópar)
Fimleikar: Stelpur lengra komnar (C-T hópar)
Knattspyrna: 4-5 ára
Knattspyrna: 6-9 ára
Knattspyrna: 10-13 ára
Knattspyrna: 14-18 ára
Handknattleikur: 6-9 ára
Handknattleikur: 10-13 ára
Handknattleikur: 14-18 ára

Niðurstöður fyrir Gróttu í heild

Þjónusta Gróttu – Yfirþættir



Þjálfun iðkenda





Fyrirkomulag æfinga og upplýsingagjöf

Upplýsingagjöf varðandi utanumhald á æfingum, viðburði og annað er varðar íþróttastarf barnsins





Viðmót starfsfólks



Íþróttamannvirki

Íþróttahús almennt snyrtilegt

Gervigrasvöllur almennt snyrtilegur





Niðurstöður eftir íþróttagrein

Líðan barns
„Barninu mínu líður vel á æfingum“



Meðmæli með þjálfurum
„Ég myndi mæla með þjálfurum barnsins við aðra foreldra eða forráðamenn“



Jákvæð hvatning
„Þjálfarar veita barninu jákvæða hvatningu“



Þekking þjálfara á barni
„Þjálfarar barnsins þekkja það, styrkleika þess og veikleika“





Áhugi barnsins
„Þjálfunin vekur áhuga barnsins á íþróttagreininni“



Framfarir barnsins

„Framfarir barnsins í íþróttagreininni eru í samræmi við væntingar mínar“



Æfingagjöld
„Æfingagjöld fyrir þjálfun barns eru sanngjörn“





Fjöldi æfinga er hæfilegur



Lengd æfinga er hæfilegur



Nýjar spurningar 2020:

Sideline og COVID-19

Sideline smáforritið – Notkun og ánægja

Nota Sideline*



Ánægja með Sideline





Nokkrar ábendingar komu fram í opinni spurningu um að Sportabler þætti betra forrit en Sideline. Einnig að það skorti upp á svörun í gegnum Sidline þegar foreldrar reyndu að ná í þjálfara og að notkun væri mjög misjöfn eftir þjálfurum.

* „Íþróttafélagið Grótta tók í notkun snjallforritið Sideline til að halda utan um skipulagningu íþróttastarfsins og samskipti milli þjálfara og annarra starfsmanna Gróttu annars vegar og iðkenda og foreldra/forráðamanna hins vegar. Áður notaði Grótta Sportabler, sem er sambærilegt smáforrit en töluvert kostnaðarsamara og var ákveðið að skipta yfir í hagkvæmari lausn.

Notar þú Sideline til að fá yfirsýn yfir æfingar barnsins þíns og samskipti við þjálfara og starfsfólk Gróttu?“

COVID-19

Inngangur að spurningum:
Covid-19 heimsfaraldurinn hefur snert okkur öll og hafði miklar raskanir í för með sér á íþróttastarfinu eins og það fer venjulega fram í Gróttu. Nýta þurfti nýstárlegar lausnir við að halda uppi starfinu í annarri mynd og í samræmi við þær takmarkanir sem settar voru á af yfirvöldum. Nú horfir til bjartari tíma og vill Grótta gjarnan líta um öxl og draga lærdóm af þessari reynslu.

Hversu góð var upplýsingagjöf Gróttu varðandi íþróttastarfið á meðan að æfingar voru bannaðar vegna samkomubannsins að þínu mati? (n=284)





Iðkendum var boðið upp á fjarþjálfun á meðan að æfingar voru bannaðar vegna samkomubannsins. Var þessi fjarþjálfun í hæfilegu magni að þínu mati? (n=439)

Nánari upplýsingar

Hólmfríður Anna M. Ólafsdóttir

holmfridur@intenta.is

846 5541